

73

5. gr.

16. maí

Stofnfé sjóðsins allt skal ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helmingur vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla árlega til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningar hans birtir með reikningum búnaðarfélagsins.

7. gr.

Leita skal ríkisstjórástaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

74

16. maí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Kornræktarsjóð Gnúpverja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Kornræktarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kornræktarsjóður Gnúpverja og er stofnaður af Búnaðarfélagi Gnúpverja á 100 ára afmæli þess, 6. júní 1943, til minningar um þá menn, er hófu félagsbundin störf í þágu ræktunarmála í Gnúpverjahreppi fyrir hundrað árum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag búnaðarfélagsins sjálfs, 1000 — eitt þúsund — krónur til sjóðstofnunar, svo og gjafir Gnúpverjahreppsbúa þennan afmælisdag, að upphæð 3015 — þrjú þúsund og fimmtán — krónur.

Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma af stað og styrkja kornrækt í Gnúpverjahreppi, eftir því sem geta sjóðsins leyfi á hverjum tíma, með rekstri eða styrk til kornræktarstöðvar, verkfærakaupa eða á annan þann hátt, er stjórn sjóðsins kveður á um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Búnaðarfélags Gnúpverja.

5. gr.

2000 kr. af stofnfé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helming vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

Hinn hlutann af stofnfé sjóðsins skal stjórn hans varðveita og ráðstafa ásamt öðrum tekjum hans, samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningarnir birtir með reikningum búnaðarfélagsins.

## 7. gr.

74

Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna. 16. maí

**REGLUGERÐ**

75

**um skömmtun á kaffibæti.**

16. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

## 1. gr.

Bannað er að selja kaffibæti, nema gegn sérstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða sérstökum innkaupsleyfum frá skömmtunar-skrifstofu ríkisins.

## 2. gr.

Þegar úthlutunartímabil hefst skal afhenda skömmtunarseðil fyrir kaffibæti. Ráðuneytið ákveður hverju sinni með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu hversu mikill skammturinn handa hverjum manni skuli vera og hvenær úthlutunartímabil byrjar.

Að öðru leyti setur skömmtunarskrifstofa ríkisins nánari reglur um fyrir-komulag úthlutunarinnar.

## 3. gr.

Hver sá, sem flytur til landsins kaffibæti, er skyldur að tilkynna skömmtunar-skrifstofu ríkisins um innflutninginn jafnskjótt og varan kemur til landsins. Enn fremur ber töllyfirvöldunum að tilkynna skrifstofunni í hvert sinn, er kaffibætir kemur til tollafgreiðslu, nafn innflytjanda og hversu mikið magn er um að ræða.

## 4. gr.

Kaffibætisverksmiðjur, heilðsöluverzlanir og aðrir, sem húa til eða flytja til landsins kaffibæti, mega ekki afhenda hann til smásöluverzlana eða annarra, nema gegn innkaupsleyfum, sem út eru gefin af skömmtunarskrifstofu ríkisins. Þessir aðilar skulu og gefa skömmtunarskrifstofunni, hvenær sem krafizt er, hvers konar skýrslur um framleiðslu, birgðir og sölu af þessari vöru og hráefni í hana.

## 5. gr.

Smásöluverzlanir skulu senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, svo oft sem hún telur þess þörf, skýrslur um innkaup, sölu og birgðir af kaffibæti.

Enn fremur skulu smásöluverzlanir afhenda hlutaðeigandi úthlutunarstjóra í byrjun hvers mánaðar seðla þá, sem afhent hefur verið út á í síðastliðnum mánuði. Seðlana sendir svo úthlutunarstjóri til skömmtunarskrifstofunnar þegar hann hefur lokið endurtalningu á þeim.

## 6. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins afhendir veitingahúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum o. þ. h. stofnunum innkaupsleyfi fyrir því magni af kaffibæti, sem þeim kann að verða heimilað að nota.

## 7. gr.

Rísi ágreiningur um það, hvað telja beri skömmtunarskyldan kaffibæti samkvæmt þessari reglugerð, sker skömmtunarskrifstofa ríkisins úr.